

Kirkjugarðsmálið og skynsemin.

Mér hefir þótt vænt um að sjá menn eins og dr. Gunnlaug Claessen og Svein Björnsson sendiherra, taka eindregið í þann streng, að Reykvíkingar eigi ekki að hugsa um nýtt kirkjugarðsstæði. Eins þótti mér vænt um að sjá um þetta efni grein eftir ungan stúdent, Einað M. Jónsson, sem lýsti prýðilegri hugsun, og er gott að vita til slikra embættismannaefna. En furðað hefir mig á, að ekki skuli fleiri hafa orðið til að leggja þessu máli lið i blöðnum. Því að hér er um stórmál að ræða. Hér ræðir um það, hvort skynsemi á að ráða eða óvit. Því að það er ekkert vit i að halda áfram hinni eldri meðferð á likum, þegar völ er á annari, miklu betri, og svo miklu ódýrari að jafnvel frá fjárhagshliðinni er þetta stór-

mál. Útfarir mundu, á ekki mjög mörgum árum, kosta bæ og borgara miljónum meir, ef haldlð yrði áfram að greftra. Og eg vil ekki láta varðveisita öskuna. Eg mundi harðbanna að varðveisita öskuna sem eftir yrði þegar mínu líki hefði brent verið. Að vísu eru ýmsar alkunnar tilfinningar og athafnir, meðan líkami hins látna er enn þá litið farinn að breytast hið ytra, skiljanlegar og sjálfsagðar; en þó verður að muna eftir því, að hinn dauði líkami er ekki framar maðurinn sjálfur, og er best að jarðefni þau, sem höfðu farið til að gera upp likamann, hverfi sem fyrst til jarðarinnar aftur. Reykvíkingum býðst í þessu máli gott færí á að sýna framfarahug og vera stærri borgum til fyrirmynadar. Nokkru af því fé sem sparaðist á því að hafa heldur hina skynsamlegri aðferð, mætti svo verja til að koma upp fögru húsi, sem helgað væri minningu hinna framliðnu, og fögrum garði umhverfis.

20. apríl.

Helgi Pjeturss.

Uts 21 apríl 1929